

Komið sæl

Nú er mars á enda og gekk hann með eindæmum vel. Við þurftum nú samt að fresta vetrarleikunum vegna þess hve lítill snjór var í kirkjubrekkanni og veður var slæmt á settum degi. En við getum vonandi haft vetrarleikana áður en yfir lýkur og sumarið bankar á dyr. Foreldrar verða látnir vita um leið og við sjáum okkur fært að halda leikana,

Fundur var með foreldrafélögum og foreldraráðum Krílakots og Kátakots í mars og farið yfir stöðu mála varðandi nýbyggingu og samruna leikskólanna. Það var ákveðið að leggja fram spurningu í foreldrakönnun um hvort foreldrar vilja sameina foreldrafélögin á komandi hausti því það eru jú allir foreldrar í félaginu. Foreldraráðin ætla að vinna saman og móta nýjar reglur á komandi hausti. Þeir Freyr (faðir Þórlaugar Diljár) og Snæþór (faðir Hólmars Elí) ætla með mér, Drífu, að skoða leikskóla á Akureyri í vikunni til að fá smá innsýn í leikskólabyggingar áður en lagst verður yfir teikningar og undirbúningsvinnu, bara spennandi tímar framundan.

Í apríl verður nóg að gera hjá okkur í Krílakoti en einnig eru þar páskarnir og sumardagurinn fyrsti og þá er lokað. Börnin hafa verið að föndra páskaskraut með kennurum sínum og eru hér miklir listamenn á ferð. Í dag miðvikudag er Alþjóðadagur þeirra sem eru á einhverfurófinu og fannst okkur tilvalið að taka þátt með því að klæðast bláu. Þann 11. apríl ætlum við að hafa Gulan dag sem minnir okkur á páskana og það að sumarið er í nánd.

Að lokum hvet ég ykkur til að taka þátt í foreldrakönnun skólans, það er okkur afar mikilvægt að fá ykkar mat á skólastarfinu. Þeir sem ekki hafa aðgang að tölvu geta fyllt út könnunina hér í skólanum svo ekki hika við að hafa samband við starfsfólk eða skólastjóra. Könnunin er nú á íslensku, pólsku og ensku.

Bestu kveðjur Drífa.



Foreldraráð 2013-2014

Vinum saman að velferð barna okkar og leikskólans.

Hanna Kristín (Hákon Þór)

Helga (Eyrún Hekla, Ingólfur Oddi)

Karl Ingi (Bríet Þóra)

Freyr (Þórlaug Diljá)



Uppbyggingarstefnan

Það er mikilvægt að við lærum að þekkja okkur sjálf og þarfir okkar. Við höfum öll þarfirnar fimm en í misjöfnu mæli.

Sá sem hefur ríka þörf fyrir frelsi:

vill hafa valmöguleika, hefur þörf fyrir sveigjanlegt umhverfi og tilbreytingu, hefur gaman af sköpun og tilraunum, er sama hvað öðrum finnst, til í að prófa nýja spennandi hluti. Frelsisþörfina má helst uppfylla með því að fá frið til að gera og hugsa það sem maður vill en einnig með því að læra að taka meiri ábyrgð

Sá sem hefur ríka þörf fyrir gleði:

gerir oft að gamni sínu og hlær að sjálfum sér og öðrum, áhyggjulaus, sáttur við umhverfið og hefur almennt gaman af lífinu, sækir í spennu og er orkumikill. Gleðiþörfinni má svara á marga vegu í gegnum leik, nám, sköpun og áskoranir.

Áhrif



Tilheyra



Frelsi



Gleði



Öryggi





Grænfáninn

"Allt er vænt sem vel er grænt"

Áætlaður flöggunardagur er 28. maí í öllum skólum Dalvíkurbyggðar. Ef þetta gengur upp allt saman verður sveitaferðin sama dag en samkvæmt skóladagatali er hún áætluð þann 23. maí. Við vonum að þessi breyting komi ekki að sök.

Við erum búin að kaupa moltutunnu og ætlum nú að fara í jarðgerð. Hýði utan af ávöxtum mun fara í moltutunnuna og fara börnin á Skakkalandi og Hólakoti sjálf með það út í tunnu sem verður staðsett á leikskólalóð.



Ösp er einkenni Krílakots

Víðsvegar má finna orðsendingar og mynd af Ösp sem á að minna okkur á að vernda umhverfið.

Í Krílakoti leggjum við áherslu á hollan og góðan mat

Við fáum hafragraut alla morgna og svo er val um cheerios, kornfleks og súrmjólk til skiptis. Við fáum lýsi alla morgna og ávext áður en við förum í útiveru.



Foreldrafélag Krílakots Skólaárið 2013-2014

Ágústa Kristín (Magnea Kristín)

Snæþór (Hólmar Elí)

Guðríður (Hákon Bragi)

Arnar (Daníel Ragúels)

Stöndum saman að velferð barna okkar

Foreldrafélög Krílakots og Kátakots ætla að bjóða börnunum á leik-sýninguna Pétur og úlfurinn þann 9. apríl á skólatíma.

Öryggi barna

Samkvæmt lögum skal ökumaður sjá til þess að börn undir 15 ára séu í ákveðnum öryggis- og verndarbúnaði. Það kemur fyrir að börn eru laus í bílum þegar þau koma í leikskólann eða fara.

Starfsmönnun ber að tilkynna til barnaverndar verði þeir vitni af vanrækslu og ef þeir telja öryggi og velferð barna sé ógnað.

Höfum börnin alltaf í öryggisbúnaði



Börn eiga að vera í bílstólum samkvæmt lögum.

Söguskjóður

Viltu fá söguskjóðu heim?

Vinsamlegast skráðu þig á blað í forstofu, nafn barns og hvaða skjóðu þið viljið fá með heim.

Söguskjóður sem við eigum:

Pétur og úlfurinn

Rauðhettu

Músin með hljóðin

Stígvélaði kötturinn

